

Alþingi  
b.t. Velferðarnefndar  
Kirkjustræti

150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 18.11.2014  
nr. erindis 201410310/50.13 uvi

**Efni: Umsögn Mosfellsbæjar um frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu, mál 257.**

Bæjarráð, 1188. fundur 13.11.2014 tók til umfjöllunar erindi velferðarnefndar Alþingis vegna beiðni um umsögn Mosfellsbæjar um frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu, mál 257. Á fundinum var, í samræmi við beiðni ráðsins lögð fram umsögn undirritaðrar sbr. minnisblað dags. 9. nóvember 2014.

Bæjrráð samþykkti með þremur atkvæðum að fela undirritaðri senda umsögn í samræmi við framlagt minnisblað til Alþingis. Umsögnin er eftirfarandi:

*Samkvæmt frumvarpinu er áformað að sameina í eina stofnun þrjár stofnanir sem hafa á hendi mismunandi þjónustu við fatlað fólk, einkum greiningu, ráðgjöf og að nokkru leyti meðferð. Nánar tiltekið er um að ræða Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Heymar- og talmeinstöð, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauðblinda einstaklinga og Tölvumiðstöð fatlaðra.*

*Þau markmið sem fram koma í frumvarpinu og athugasemdum við það lúta að því að með þessu móti megi samþætta og bæta þjónustu á einum stað við það fólk sem til þessara stofnana sækir. Miðstöðinni er ætlað veita öllum þjónustu, óháð aldri, en þó í áföngum þannig að hún myndi eingöngu ná til barna við gildisstöku laganna og þeirra sem þegar njóta þjónustu vegna tiltekinna skerðinga. Síðar er ætlað að ná til fleiri aldurs- skeiða.*

*Eftirtöldum sjónarmiðum þykir rétt að koma á framfæri í þessu sambandi:*

- Um langt árabíl hefur bið eftir þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins numið að minnsta kosti nokkrum mánuðum fyrir yngstu börnin og mun lengri tíma fyrir börn á leikskólaaldri og þaðan af eldri. Eftirspurn eftir þjónustu hefur auk þess verið það mikil að takmarka hefur þurft hana við tiltekna hópa. Sumir hópar barna fá því ekki þá sérhæfðu þjónustu sem nauðsyn ber til. Þessum vanda er lýst nánar í umsögn Umboðsmanns barna við frumvarpið og skal tekið undir þær áhyggjur sem þar er lýst. Einnig má lesa um langan biðtíma á vefsíðu stöðvarinnar.*

*Ljóst má vera að fyrst og fremst ber brýna nauðsyn til að efla Greiningar- og ráðgjafarstöðina til þess að hún geti gegnt því hlutverki sem henni er ætlað í gildandi lögum. Fyrir en svo er orðið er tæpast tímabært að áforma slíkar ráðagerðir sem hér*



um ræðir, enda kemur ekki fram að með téðri sameiningu fylgi ráðstafanir til að efla starfsemi stöðvarinnar.

- Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins hefur sérhæft sig í þjónustu við börn. Með sameiningu téðra stofana og fjölþættari verkefnum er ákveðinn hættu á að úr þeirri sérhæfingu dragi. Sama gildir um hinar stofnanirnar sem um ræðir.


Í þessu samhengi skal tekið undir sjónarmið sem fram koma í umsögn Barnaverndarstofu og Umboðsmanns barna við frumvarpið og lúta að Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna sem var lögfestur hér á landi á liðnu ári. Er þar vísað til 3. gr. samningsins sem kveður á um skyldu þeirra sem gera ráðstafanir varðandi börn um að setja það sem barni er best í forgang.

- Greiningar- og ráðgjafarstöðin sinnir nær eingöngu börnum. Lesa má á vefsíðum Heyrmar- og talmeinaastöðvar og Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar að þangað sækja að meirihluta fólk á fullorðinsaldri og eðli málsins samkvæmt því hærri hlutfall sem aldur færir yfir. Í öllum tilvikum er um að ræða mjög sérhæfðar stofnanir og tvær þær síðarnefndu á tiltölulega þröngu fagsviði þótt verkefni séu margbreytileg. Ekki verður séð að líkur séu á að um mikla faglega samþættingu eða samnýtingu vinnuafis verði um að ræða þegar þannig hagar til.

Samhliða umfjöllun um mál þetta er nú einnig fjallað um á Alþingi frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála, sbr. mál nr. 207. Ennfremur er hafin heildarendurskoðun á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni fatlaðs fólks. Einnig má nefna vinnu við endurskoðun á stjórnarsýslu félagsþjónustu og barnaverndar sem ætlað er að draga fram mörkin á milli stjórnarsýslu og þjónustu. Æskilegt væri að vinna þessara mála héldist í hendur til að tryggja samræmi milli einstakra þátta í heildarmynd stjórnarsýslu velferðarþjónustunnar.

Beðist er velvirðingar á því að umsögnin barst ekki fyrir tiltekin tímafrest.

Virðingarfyllt,



Unnur V. Ingólfssdóttir

framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs